

Sælir foreldrar og forráðamenn

Nú líður að árshátíð nemenda 2025, skipulagið verður í stórum dráttum með þessum hætti:

Fimmtudagur 3. apríl - Árshátíðardagur

- Allir nemendur mæta í skólann kl. 8:00. Dagurinn fer í undirbúning fyrir árshátíð.
- Skóla lýkur kl. 13:00
- **Frístund fellur niður þennan dag vegna árshátíðar.**
- Nemendur mæta aftur fyrir árshátíð í samkomulagi við kennara.

- **Árshátíð 1.-6. bekk í Tjarnarsal kl. 15.**
 - Foreldrar sæki nemendur í 1.-3. bekk í heimastofu í hléi.
 - Nemendur í 4.-6. bekk fá veitingar inní stofu, fara ekki úr stofu í kaffihléi.
- **Árshátíð 7.-10. bekk í Tjarnarsal kl. 18.**

Árshátíðarball fyrir 7.-10. bekk í Boru kl. 21:00-23:30.

Árshátíðarböll verða fyrir 1.-3. og 4.-6. bekk í Boru miðvikudaginn 9. apríl.

Nemendaráð auglýsir síðar.

Einungis verður greitt fyrir kaffiveitingar, ekki inn á sýningar. Kaffimiðar verða seldir við inngang í Tjarnarsal, 1000 kr. Posi á staðnum. Kaffi og kruðerí í stofu 11 og 12, afhenda þarf miða við inngang í stofum. Ágóði kaffisölu fer í fjáröflun unglíngastigs.

Að gefnu tilefni viljum við biðla til árshátíðargesta að sitja sýninguna til enda en yfirgefa ekki salinn eftir að þeirra barn hefur sýnt sitt atriði.

Föstudagur 4. apríl - skipulagsdagur

Enginn skóli né frístund hjá nemendum.

Kær kveðja
Starfsfólk Stóru-Vogaskóla